



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1635*

*komudagur 26. 4. 2005*

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. apríl 2005

**Efni: frv. til laga um breytingu á lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda, 696. mál**  
*Tilv: 2005040020*


Vísað er í bréf efnahags- og viðskiptanefndar dags. 18. apríl sl., þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið felur í sér tvær megin breytingar á lögnum. Annars vegar er opnað fyrir möguleika á aldurstengingu réttindasöfnunar með þeirri breytingu, sem 1. grein kveður á um, en hins vegar er eru skapaðar heimildir til að hækka bæði iðgjöld og mótframlög til sjóðsins. Í báðum tilvikum þarf breytingar á samþykktum sjóðsins til að nýta þessar lagaheimildir.

Lagabreytingarnar, sem hér um ræðir, eru lagðar til af brýnni nauðsyn til að bregðast við erfiðri fjárhagsstöðu Lífeyrissjóðs bænda. Samkvæmt nýlegri tryggingarfræðilegri úttekt á sjóðnum, vantar u.þ.b. 22% upp á eignir, til að hann eigi fyrir framtíðarskuldbindingum. Rökstuðningur fyrir breytingunum kemur ágætlega fram í athugasemdum við frumvarpið.

Bændasamtök Íslands mæla með því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Sigurður Þorgeirsson



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1465*  
*komudagur 22. 4/105*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2005

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð bænda.**

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda, 696. mál.

Landssamtök lífeyrissjóða eru sammála þessu frumvarpi, enda er megin markmið þess að skapa svigrúm fyrir stjórn Lífeyrissjóðs bænda til að bæta stöðu sjóðsins. Landssamtök lífeyrissjóða leggja áherslu á að frumvarpið nái fram að ganga fyrir þinglok.

Virðingarfyllst,  
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi  
Erindi nr. **P** 131/1517  
komudagur 25.4.2005

Nefndasvið Alþingis  
B/t efnahags- og viðkiptanefndar  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 24. apríl 2005

Umsögn Landssamtaka skógareigenda (LSE) – þingskjal 1054, 696. mál

Umsagnaraðili gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Virðingarfyllt,



Hulda Guðmundsdóttir  
ritari LSE



Lífeyrissjóður bænda  
Bændahöllinni við Hagatorg  
107 REYKJAVÍK

Sími 563 0300  
Fax 561 9100

Nefndasvið Alþingis,  
-Efnahags og viðskiptanefnd-  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1432*  
*komudagur 20.4.2005*

Reykjavík, 19. apríl 2005

**Efni: Umsögn Lífeyrissjóðs bænda um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, 696. mál, hækkun iðgjalds, aldurstenging réttinda.**

Með bréfi til Lífeyrissjóðs bænda, dags. 18. apríl s.l., óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn lífeyrissjóðsins vegna breytinga á umræddum lögum.

Þær breytingar sem hér um ræðir fela í sér heimildir til að hækka iðgjald og mótframlag í Lífeyrissjóð bænda og heimild til að taka upp aldurstengingu réttinda. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið eru þessar heimildir nauðsynlegar til þess að stjórn sjóðsins geti gripið til ráðstafana til að bæta tryggingafræðilega stöðu sjóðsins sem henni ber að gera skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða. Þessar heimildir eru í þeim lögum og því tímabært að innlima þær í lög um Lífeyrissjóð bænda. Frumvarpið er lagt fram að ósk stjórnar Lífeyrissjóðs bænda sem gerir að sjálfsögðu ekki athugasemdir við það og er mjög fylgjandi þessari lagabreytingu.

Tryggingafræðilegri úttekt á lífeyrissjóðnum miðað við árslok 2004 liggur nú fyrir og halli á heildarskuldbindingum hans nemur 9,7%. Það verður því ekki öllu lengur vikist undan því að gera ráðstafanir sem munu duga til að bæta stöðu hans til frambúðar. Því er æskilegt að frumvarpið verði afgreitt sem lög frá Alþingi nú í vor og öðlist gildi þegar í stað.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Lífeyrissjóðs bænda

  
Sigurbjörg Björnsdóttir  
frankvæmdastjóri

Meðfylgjandi : Tryggingafræðileg úttekt 2004

---

# **Tryggingafræðileg úttekt**

---

Lífeyrissjóður bænda.  
Uppgjör 31.12.2004

---

29.03.2005

## **Inngangur**

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á Lífeyrissjóði bænda er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins og miðast hún við árslok 2004. Uppgjörið byggist á samþykktum sjóðsins sem tóku gildi 1. júlí 2003. Útreikninga annaðist Steinunn Guðjónsdóttir tryggingastærðfræðingur.

Tryggingafræðilegt uppgjör á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2003 var einnig unnið af ofangreindum aðila. Í eftirfarandi skýrslu er stuðst við upplýsingar úr því uppgjöri.

## **Gögn**

Fyrir lífeyrisþega fengust upplýsingar um fæðingarár, kyn og tegund lífeyris ásamt greiddum lífeyri í desember 2004. Þá kom einnig fram lífeyrishlutfall viðkomandi. Fyrir virka sjóðfélaga fengust upplýsingar um fæðingarár, kyn, áunnin stig í árslok 2004 svo og áunnin stig á árinu 2004. Sams konar upplýsingar fengust fyrir óvirka sjóðfélaga en það eru þeir sjóðfélagar sem eiga geymd réttindi hjá sjóðnum en greiddu ekki iðgjöld á árinu 2004. Loks fengust upplýsingar um einstaklinga sem eiga inni stig áunnin fram til ársins 1983 sem veita ævilangan makalífeyrisrétt og er þá að finna í öllum hópum sjóðfélaga.

Uppreikningur hluta verðbréfaeignar sjóðsins miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu var unninn af fjárvörsluaðilum sjóðsins.

## **Réttindaákvæði.**

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris fara eftir ákvæðum samþykpta sjóðsins. Sjóðurinn veitir ævilangan ellilífeyri frá 67 ára aldri, örorkulífeyri ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem nemur 50% eða meira, tímabundinn makalífeyri og barnalífeyri ef ákveðnum lágmarkskröfum er náð. Þá er hópur sjóðfélaga sem á inni stig frá fyrri árum sem veita rétt til ævilangs makalífeyris og lífeyrir stórs hluta makalífeyrisþega er ævilangur a.m.k. að hluta til.

Lífeyrisréttindi eru miðuð við grundvallarlaun, sem breytast í sama hlutfalli og vísitala neysluverðs til verðtryggingar.

## **Starfandi sjóðfélagar, menn með geymd réttindi og lífeyrisþegar**

Sjóðfélögum sem áttu inneign í sjóðnum og nutu ekki lífeyris úr honum í árslok 2004 hefur verið skipt í tvo flokka sem hér segir:

- A. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjald til sjóðsins árið 2004 eru nefndir virkir sjóðfélagar og við uppgjör heildarskuldbindinga er gert ráð fyrir áframhaldandi virkri þátttöku þeirra í sjóðnum.



Á árunum 2000-2004 hefur fjöldi lifeyrisþega verið sem hér segir:

	2001	2002	2003	2004
Ellilífeyrisþegar	2.489	2.534	2.609	2.646
Örorkulífeyrisþegar	370	389	406	396
Makalífeyrisþegar	756	744	745	766
Börn með barnalífeyri	176	162	156	-144

Skipting elli-, örorku- og makalífeyrisþega í árslok 2004 eftir aldri og kyni var sem hér segir (til samanburðar eru samtalsstölur frá 2003):

<b>Ellilífeyrisþegar</b>				
Aldur	karlar	konur	samtals	Samtals 2003
67-69	175	160	335	349
70-74	466	349	815	833
75-79	415	277	692	645
80-84	275	180	455	465
85-89	191	83	274	249
90-95	59	8	67	60
96-	7	1	8	8
<b>samtals</b>	<b>1.588</b>	<b>1.058</b>	<b>2.646</b>	<b>2.609</b>

<b>Örorkulífeyrisþegar</b>				
Aldur	karlar	konur	samtals	Samtals 2003
20-29	-	-	-	1
30-39	3	5	8	7
40-49	17	45	62	64
50-59	51	69	120	132
60-67	84	122	206	202
<b>samtals</b>	<b>155</b>	<b>241</b>	<b>396</b>	<b>406</b>

<b>Makalífeyrisþegar</b>				
Aldur	karlar	konur	samtals	Samtals 2003
30-39	-	3	3	3
40-49	1	10	11	12
50-59	5	26	31	30
60-69	8	101	109	115
70-79	12	267	279	279
80-89	16	274	290	269
90-97	1	42	43	37
<b>samtals</b>	<b>43</b>	<b>723</b>	<b>766</b>	<b>745</b>



Eftirfarandi tafla sýnir meðalaldur lífeyrisþega og meðallífeyri þeirra á mánuði:

Ellilífeyrisþegar	
Fjöldi	2.646
Meðalaldur	77
Meðallífeyrir á mán. kr.	14.876

Örorkulífeyrisþegar	
Fjöldi	396
Meðalaldur	58
Meðallífeyrir á mán. kr.	20.438

Makalífeyrisþegar	
Fjöldi	766
Meðalaldur	77
Meðallífeyrir á mán.	5.990

### Iðgjaldatekjur og útgjöld

Árin 1999-2004 hafa iðgjaldatekjur sjóðsins, lífeyrisútgjöld og rekstrarkostnaður verið sem hér segir:

Ár	Iðgjaldatekjur		Lífeyrisútgjöld		Rekstrarkostnaður	
	Þús.kr.		Þús.kr.	% af iðgj.	Þús.kr.	% af iðgj.
1999	306.249		408.724	133,5	19.493	6,4
2000	342.866		463.726	135,2	21.457	6,3
2001	358.395		514.740	143,6	25.228	7,0
2002	369.224		559.320	151,5	23.740	6,4
2003	373.188		587.438	157,4	24.985	6,7
2004	387.947		614.724	158,5	27.411	7,1

Hluti iðgjaldatekna er móttframlag en móttframlag á móti iðgjöldum bænda er ákveðið í fjárlögum. Í uppgjörstölum er verðmæti iðgjalda reiknað sem 2,5 föld iðgjöld sjóðfélaga og er það samkvæmt samþykktum sjóðsins.

### Reikniforsendur

Notaðar eru íslenskar dánar- og eftirlífendatöflur útgefnar af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á reynslu árána 1999-2003. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru einnig fengnar frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga og upplýsingar um fjölda barna eru byggðar á

íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku er notaður reiknigrundvöllur danskra líftryggingarfélaga, G-82 með 30% lækkun örorkutiðni.

Uppgjörð miðast við 3,5% ársvexti umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Gert er ráð fyrir lífeyrisskuldbindingum til handa öllum þeim er eiga inni réttindi í sjóðnum. Samkvæmt samþykktum sjóðsins miðast niðurstöður uppgjörnsins við 67 ára ellilífeyrisaldur til handa öllum sjóðfélögum og er gert ráð fyrir að þeir sem orðnir eru 67 ára í árslok 2004 hafi hafið töku lífeyris í ársbyrjun 2005.

Reiknað er með rekstrarkostnaði næstu 50 ár hjá sjóðnum.

### Niðurstöður

Miðað við fyrrgreindar forsendur og aðferðir eru helstu niðurstöður um skuldbindingar sjóðsins í lok árs 2004 sem hér segir (fjárhæðir eru í millj. króna):

**Í neðangreindri töflu er yfirlit yfir eignir og skuldbindingar sjóðsins miðað við 3,5% ársvexti skipt í áfallnar og framtíðarskuldbindingar.**

		Allar upphæðir í milljónum króna		
		Áfallið	Framtíð	Heild
Eignir	Hrein eign	13.894		13.894
	Núvirðing	600		600
	Framtíðariðgjöld		3.867	3.867
	Lækkun v. fjárf.kostn.	-236		-236
	<b>Samtals</b>	<b>14.258</b>	<b>3.867</b>	<b>18.125</b>
Skuldbindingar	Ellilífeyrir	12.370	4.050	16.420
	Örorkulífeyrir	1.224	436	1.660
	Makalífeyrir	1.088	152	1.240
	Barnalífeyrir	40	86	126
	Rekstrarkostnaður	402	234	636
	<b>Samtals</b>	<b>15.124</b>	<b>4.958</b>	<b>20.082</b>
Eignir umfr. skuldb.		-866	-1.091	-1.957
Sem hlutf. af skuldb.		-5,7%	-22,0%	-9,7%

Niðurstöður útreikninga sýna að staða sjóðsins er lakari en hún var í árslok 2003. Meginástæðan er að notaðar eru nýjar dánar- og eftirlifendatöflur sem byggjast á reynslu árunna 1999-2003 og Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga gefur út. Heildarskuldbindingar eru um 3,3% hærrí en ef fyrri töflur hefðu verið notaðar.

Þá er vinnuhópur á vegum félagsins sem unnið hefur að gerð nýrra örorkustuðla sem byggist á úrtaki 17 lífeyrissjóða árin 1998-2002. Þeirri vinnu er ekki lokið að fullu en niðurstaðan er sú að örorkutiðni þjóðarinnar er hærrí en í þeim töflum sem hingað til hefur verið stuðst við og notaðar eru í þessari úttekt. Um leið sýna niðurstöður að mikill munur getur verið þar á milli lífeyrissjóða. Vænta má að nýjar örorkutöflur muni taka gildi á árinu. Ef notaðar eru nýjar örorkutöflur mundu heildarskuldbindingar sjóðsins aukast um tæplega 270 milljónir og staða sjóðsins versna um ríflega 1%. Ef skoðaðar eru fjöldatölur örorkulífeyrisþega Lífeyrissjóðs bænda árin 1998-2004 virðist sú þróun að örorkulífeyrisþegum fjölgi mjög hratt ekki eiga við. Gæti þar komið til samsetning sjóðsins en nokkur meirihluti sjóðfélaga eru karlar og fer meðalaldur virkra og óvirkra sjóðfélaga hækkandi. Þó nýjar örorkutöflur séu ekki notaðar nú í úttekt sjóðsins er ljóst að skoða verður þennan hluta skuldbindingar náíð þegar nýjar töflur taka gildi og gera má ráð fyrir aukningu skuldbindinga vegna þeirra.

Í lögum nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða segir að leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meira en 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Það sama á við ef fyrrnefndur munur er meiri en 5% samfelld í fimm ár. Staða sjóðsins í árslok 2004 er innan þessara marka en það er engu að síður ljóst að aðgerða er þörf. Auknar örorkuskuldbindingar hefðu að öllum líkindum þau áhrif að staða sjóðsins færi yfir 10% markið og þyrfti verulega góða ávöxtun sjóðsins á árinu ef koma ætti í veg fyrir það.

Eignir sjóðsins eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendu og skuldbindingar, þ.e. 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs og voru þeir útreikningar framkvæmdir af fjárvörsluaðilum sjóðsins. Þá voru veðskuldabréf einstaklinga endurmetin en það endurmat var framkvæmt af tryggingastærðfræðingi, er þar stuðst við þá lágmarks vaxtaprósentu á lánum sem í gildi er.

Þá hefur verið óskað eftir niðurstöðu úttektar ef reiknað er með 7% mótfamlagi iðgjalda í stað 6% án þess að sú iðgjaldaaukning leiði til aukinna réttinda. Tryggingafræðileg niðurstaða yrði þá sem hér segir:

**Yfirlit yfir eignir og skuldbindingar sjóðsins miðað við 3,5% ársvexti og 7% mótframlag iðgjalda.**

		Allar upphæðir í milljónum króna		
		Áfallið	Framtíð	Heild
Eignir	<b>Samtals</b>	<b>14.258</b>	<b>4.254</b>	<b>18.512</b>
Skuldbindingar	<b>Samtals</b>	<b>15.124</b>	<b>4.958</b>	<b>20.082</b>
Eignir umfr. skuldb.		<b>-866</b>	<b>-704</b>	<b>-1.570</b>
Sem hlutf. af skuldb.		<b>-5,7%</b>	<b>-14,2%</b>	<b>-7,8%</b>

**Virðingarfyllt,**

*Steinunn Guðjónsdóttir*  
**Steinunn Guðjónsdóttir**

Lífeyrissjóður bænda  
Heildarskuldbindingar  
Niðurstöður í árslok 2004

fylgiskjal

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

<b>Virkir sjóðfélagar</b>	<b>2004 áunnið</b>	<b>2004 framtíð</b>	<b>2004 samtals</b>
verðm.væntanlegs ellilífeyris	4.772.105	4.049.739	8.821.844
verðm.væntanlegs örorkulífeyris	321.887	436.430	758.317
verðm.væntanlegs makalífeyris	213.403	151.489	364.893
verðm.væntanlegs barnalífeyris	-	86.129	86.129
<b>samtals</b>	<b>5.307.395</b>	<b>4.723.788</b>	<b>10.031.182</b>

<b>Lífeyrisþegar</b>			
verðm.ellil.	4.145.144		4.145.144
verðm.örorkul.	733.589		733.589
verðm.makal.	438.193		438.193
verðm.barnal.	39.989		39.989
verðm.væntanlegs ellil.örorkulif.þega	866.224		866.224
verðm.væntanlegs makalífeyris	-		-
elli- og örorkulífeyrisþega.	324.366		324.366
<b>samtals</b>	<b>6.547.505</b>	<b>-</b>	<b>6.547.505</b>

<b>Óvirkir sjóðfélagar</b>			
verðm.væntanlegs ellilífeyris	2.587.000		2.587.000
verðm.væntanlegs örorkulífeyris	168.115		168.115
verðm.væntanlegs makalífeyris	112.339		112.339
<b>samtals</b>	<b>2.867.453</b>	<b>-</b>	<b>2.867.453</b>

<b>Samtals lífeyrisskuldbindingar</b>	<b>14.722.353</b>	<b>4.723.788</b>	<b>19.446.141</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	<b>401.635</b>	<b>234.371</b>	<b>636.006</b>

<b>SAMTALS</b>	<b>15.123.988</b>	<b>4.958.158</b>	<b>20.082.146</b>
----------------	-------------------	------------------	-------------------

**Fylgiblað****Meðallífeyrisgreiðslur í janúar 2005**

Lífeyrisþegar sem fá greitt vegna áunninna réttinda (uppbót vegna búskapartíma þeirra sem fæddir eru 1914 og fyrr þá meðtalin).

<b>Ellilífeyrir:</b>	<b>Karlar</b>	<b>Meðaltal</b>	<b>Konur</b>	<b>Meðaltal</b>	<b>Samtals</b>	<b>Meðaltalsgreiðsla</b>
0-10 þús. kr.	376	6.097	578	4.833	954	5.331
10-20 þús. kr.	595	15.068	328	14.328	923	14.805
20-30 þús. kr.	411	24.497	136	23.691	547	24.255
30-40 þús. kr.	180	34.071	23	31.954	203	33.832
40-50 þús. kr.	30	42.504	0	0	30	42.504
(enginn yfir þessu)						

**Heildarfjöldi og meðaltal ellilífeyris:** 1.592 18.049 1.065 10.751 2.657 15.115

<b>Makalífeyrir:</b>	<b>Karlar</b>	<b>Meðaltal</b>	<b>Konur</b>	<b>Meðaltal</b>	<b>Samtals</b>	<b>Meðaltalsgreiðsla</b>
0-10 þús. kr.	33	3.847	499	5.364	532	5.270
10-20 þús. kr.	10	13.045	208	15.094	218	15.000
20-30 þús. kr.	1	24.365	11	22.564	12	22.714
(enginn yfir þessu)						

**Heildarfjöldi og meðaltal makalífeyris:** 44 6.404 718 8.446 762 8.328

<b>Örorkulífeyrir:</b>	<b>Karlar</b>	<b>Meðaltal</b>	<b>Konur</b>	<b>Meðaltal</b>	<b>Samtals</b>	<b>Meðaltalsgreiðsla</b>
0-10 þús. kr.	44	5.871	74	5.551	118	5.670
10-20 þús. kr.	32	14.910	57	14.901	89	14.904
20-30 þús. kr.	27	24.258	55	24.619	82	24.500
30-40 þús. kr.	29	34.801	30	34.571	59	34.684
40-50 þús. kr.	10	44.653	15	43.975	25	44.246
50-60 þús. kr.	3	52.231	4	52.294	7	52.267
(enginn yfir þessu)						

**Heildarfjöldi og meðaltal örorkulífeyris:** 145 20.709 235 19.235 380 19.797